

Fréttatilkynning

Reginn hf. vill vekja athygli á að Landsbankinn hefur tilkynnt Regin að bankinn hafi náð sátt við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) varðandi sölu á eignarhlut í Reginn hf.

Þar kemur fram varðandi Reginn hf. að bankinn hafi skuldbundið sig til að selja 75% hlutafjár síns í félaginu fyrir árslok 2012 og það hlutafé sem eftir stendur fyrir árslok árið 2013.

Rétt er að benda á að í skráningarlýsingu Regins sem gefin var út 11. júní s.l. kemur fram að Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. hefur skuldbundið sig til að selja ekkert af 25% hlut sínum í Reginn næstu tíu mánuði eftir að opnað var fyrir viðskipti með bréf félagsins í Kauphöllinni. Viðskipti með bréf félagsins hófst 2. júlí sl. Þetta er því í fullu samræmi við þau fyrirheit sem ESA voru veitt.